

## AUGLÝSING

### um gjaldskrá vegna stöðvunarbrota í Suðurnesjabæ.

#### 1. gr.

Aukastöðugjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita, sbr. 2. mgr. 86 gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. f-lið 1. mgr. 109. gr. sömu laga, skal vera 4.500 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

#### 2. gr.

Stöðvunarbrotagjald vegna annarra stöðvunarbrota, sbr. a–e-lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, að undanskildum a-lið 2. mgr. 29. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 109. gr. skal vera 15.000 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

#### 3. gr.

Stöðvunarbrotagjald vegna annarra stöðvunarbrota, sbr. a–e-lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, að undanskildum a-lið 2. mgr. 29. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 109. gr. skal þó vera 25.000 kr. þegar gjaldið er lagt á vegna hópbifreiðar. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

#### 4. gr.

Stöðvunarbrotagjald vegna a-liðar 2. mgr. 29. gr. sbr. b-lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 (bílastæði fatlaðra) skal vera 25.000 kr. Veittur er 1.100 kr. afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

#### 5. gr.

Frestur til að andmæla stöðvunarbrotagjöldum er 28 dagar frá dagsetningu álagningar.

#### 6. gr.

Séu gjöldin greidd innan 14 daga frá álagningu gilda ofangreindar fjárhæðir, en hækka eftir það um 50%, sbr. 5. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Sé gjald enn ógreitt þegar 28 dagar eru liðnir frá álagningu, hækkar það um 100% frá upphaflegu gjaldi, án tillits til staðgreiðsluafsláttar og undangenginnar 50% hækkunar eftir 14 daga, sbr. 6. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

#### 7. gr.

Gjaldskrá þessi sem bæjarstjórn Suðurnesjabæjar hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 5. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. reglur um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota nr. 104/1988 og öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um gjaldskrá vegna stöðvunarbrota í Sandgerðisbæ nr. 957/2013.

*Innviðaráðuneytinu, 22. janúar 2024.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

*Hermann Sæmundsson.*